

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

SAMSKIPTA- OG SIÐAREGLUR
BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS
FEBRÚAR 2020

1. gr. Almenn atriði og markmið

Meginhlutverk sjóðsins er að taka á móti iðgjöldum, ávaxta þau, greiða út lífeyri og veita sjóðfélögum góða þjónustu. Til að sinna því hlutverki sem best hefur stjórn sjóðsins samþykkt reglur þessar sem gilda fyrir starfsmenn og eftir atvikum stjórnarmenn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins og starfsmenn gera sérgrein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón með fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga. Markmið reglnanna er að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum.

Stjórn sjóðsins er meðvituð um að ákvarðanir um viðskipti sem teknar eru af starfsmönnum afla aðilum á fjármálamarkaði þjónustutekna. Allar slíkar þóknarir skulu bókaðar og flokkaðar eftir viðskiptavinum. Við endurskoðað uppgjör og könnunaruppgjör skulu slíkar þóknarir birtar stjórn.

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal stjórn lífeyrissjóðsins móta og kunngera fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn og einstakar deildir hans og ávaxta fé sjóðsins og einstakra deilda hans í samræmi við þær reglur sem mælt er fyrir um í 36. gr. og 36. gr. a laganna.

Starfsmenn skuldbinda sig til að hlíta reglum þessum eins og þær eru á hverjum tíma og eru þær hluti af ráðningarsambandi starfsmanna við sjóðinn.

2. gr. Góðir starfshættir

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni. Öll störf og athafnir skuli miðað við því að vera lífeyrissjóðnum, sjóðfélögum og öðrum sem sjóðurinn veitir þjónustu til framdráttar.

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu gæta þess innan sem utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem dregið getur í efa hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða skaða ímynd hans. Áreiti í garð samstarfsfólks á vinnustað er ekki liðið.

Stjórn og starfsmenn skulu tryggja eftir fremsta megni að starfsemi sjóðsins einkennist af gagnsæi eftir því sem lög leyfa og að upplýsingar þar að lútandi til sjóðfélaga og annarra sem sjóðurinn veitir þjónustu og er í samskiptum við, séu aðgengilegar og skýrar.

Birta lífeyrissjóður leggur áherslu á að lögum og reglum sem um starfsemina gilda sé fylgt í hvívetna.

3. gr. Hagsmunaárekstrar

Stjórnarmönnum og starfsmönnum ber að forðast hvers konar hagsmunaárekstra milli starfa sinna og annarra athafna eða tengsla við utanaðkomandi aðila.

Þeim ber að vera vakandi yfir öllum tengslum sem geta leitt til hagsmunaárekstra og mega ekki taka þátt í meðferð máls ef aðstæður eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni þeirra í efa.

Starfsmönnum er skylt að gera framkvæmdastjóra eða regluverði sjóðsins grein fyrir öllum tengslum sem geta leitt til hagsmunaárekstra.

Ef vafi leikur á því hvort hagsmunaárekstrar séu fyrir hendi skal bera slíkt undir framkvæmdastjóra eða regluverð.

4. gr. Meðferð trúnaðarupplýsinga

Stjórnarmenn og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

5. gr. Samfélagsleg ábyrgð

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur markað þá stefnu að mikilvægi samfélagslegs hlutverks sjóðsins er haft að leiðarljósi í starfsemi hans.

Við fjárfestingarákvarðanir er gætt að því að fyrirtæki fylgi viðurkenndum viðmiðum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Stefna sjóðsins um samfélagslega ábyrgð er að öðru leyti mörkuð í eigendastefnu sjóðsins.

6. gr. Starfstengdar ferðir og boðsferðir

Stjórnarmönnum og starfsmönnum lífeyrissjóðsins er óheimilt að þiggja boðsferðir af innlendum og erlendum þjónustuaðilum eða öðrum viðskiptavinum sjóðsins. Boðsferðir eru til að mynda skemmtiferðir hvers konar, s.s. veiðiferðir, golfferðir og tónleikaferðir.

Þrátt fyrir framangreint er stjórnarmönnum og starfsmönnum heimilt að sækja kynningar um fjárfestingar eða fjárfestingarkosti, námskeið, ráðstefnur eða fundi, sem eru til þess fallnir að afla upplýsinga eða þekkingar sem koma að gagni við rekstur sjóðsins. Slíkir viðburðir verða að hafa skýrt kynningarinnihald sem byggir á gögnum eða upplýsingum sem lagðar eru fram því til stuðnings.

Krefjist slíkar kynningar ferðalaga skal sjóðurinn bera kostnað vegna ferða og gistingar nema annað sé sérstaklega ákveðið og heimild veitt til þess af framkvæmdastjóra eða eftir atvikum stjórn. Framkvæmdastjóri skal halda yfirlit um þær ferðir sem stjórnarmenn og starfsmenn fara í vegna starfa sinna fyrir sjóðinn. Slíkt er gert með því að fylla út ferðaskýrslur um einstakar ferðir sem haldið er til haga í bókhaldi sjóðsins.

Risna sem fyrirtæki veita í tengslum við slíka atburði skal vera skynsamleg og hófleg.

7. gr. Gjafir

Starfsmenn og stjórnarmenn skulu gæta þess að þiggja ekki gjafir eða boð af þjónustuaðilum eða viðskiptavinum lífeyrissjóðsins ef slíkt gefur tilefni til að draga úr trúverðugleika sjóðsins eða gefur ástæðu til að ætla að það hafi áhrif á ákvarðanir stjórnar og/eða starfsmanna. Frátaldar eru tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti sem telst algengt í slíkum tilvikum og verða því ekki taldar til hlunninda.

Starfsmenn og eftir atvikum stjórnarmenn skulu halda utan um og vera reiðubúnir að gefa upplýsingar um gjafir og risnu sé eftir því kallað af hálfu innri eða ytri eftirlitsaðila sjóðsins.

Sé starfsmaður í vafa um hvort honum sé heimilt að þiggja gjöf skal hann leita álits framkvæmdastjóra. Sé framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður í vafa um hvort honum sé heimilt að þiggja gjöf skal hann leita álits formanns stjórnar.

8. gr. Önnur störf

Samkvæmt 6. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er framkvæmdastjóra óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn félagsins. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess. Starfsmönnum er óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart lífeyrissjóðnum. Jafnframt mega starfsmenn ekki reka atvinnustarfsemi samhliða störfum sínum fyrir sjóðinn eða taka sér launað starf utan lífeyrissjóðsins, nema með leyfi framkvæmdastjóra sjóðsins.

Starfsmönnum er óheimilt að sitja í stjórnum fyrirtækja eða stofnana nema með leyfi framkvæmdastjóra.

9. gr. Tilkynning brota og viðurlög

Starfsmenn eða aðrir sem verða varir við brot á reglum þessum ber að koma á framfæri brotum á lögum, reglum og innri viðmiðum til framkvæmdastjóra sjóðsins, regluvarðar eða eftir atvikum til formanns endurskoðunarnefndar. Brot á reglunum geta eftir atvikum leitt til áminningar eða uppsagnar.

10. gr. Gildistaka, samþykki og breytingar

Samþykkt í stjórn, dags. 27. febrúar 2020.